



Fundargerð hreppsnefndar 03. september 2015

Fundur

Fundur nr. 26 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 3. september 2015 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16:00.

Mætt til fundar: Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Steingrímur Árnason, Bárður Jónasson, Víglundur Páll Einarsson og Sigríður Bragadóttir.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

a. Menningarmálanefndar dags. 11. ágúst 2015

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

b. Fræðslunefndar dags. 12. ágúst 2015

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

c. Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 26. ágúst 2015

Sigríður Bragadóttir vék af fundi undir þessum lið. Meðfylgjandi bréf er varðar umræðu um 6. mál á dagskrá.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

d. Samgöngunefndar SSA dags. 18. ágúst 2015

Lagt fram til kynningar.

2. Almenn mál:

a. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga haldin á Hilton Reykjavík dagana 24. og 25. september 2015. Ákveðið að Stefán Grímur Rafnsson fari til ráðstefnunar frá meirihluta.

b. Húsnæðismál hjúkrunarheimilisins Sundabúðar

Sveitarstjóri gerði nánari grein fyrir málinu er varðar aðstöðu sjúkrahjálfara í kjallara Sundabúðar og leggur eftirfarandi tillögu fram:

„Sveitarstjórn samþykkir að segja upp 50 m² rými í kjallara Sundabúðar frá 01. október nk. með 3ja mánaða fyrirvara. Hjúkrunarheimilið Sundabúð þarf á rýminu að halda. Til þess að gera sjúkrahjálfara kleift að starfa áfram á svæðinu býðst honum 65 m² rými á jarðhæð Sundabúðar á sömu kjörum og núverandi húsnæði er leigt á.“ Samhljóða samþykkt.

c. Félagslegar íbúðir

Ólafur Áki bar eftirfarandi tillögu upp:

„Hér með geri ég tillögu til sveitarstjórnar að íbúðin að Þverholti 9 verði tímabundið ráðstafað af sveitastjórn. Íbúðin hefur fallið undir félagslegt húsnæði og komið í hlut velferðarnefndar að úthluta.

Þetta er gert m.a til að mæta þörf sveitarfélagsins við ráðningu starfsmanna í hin ýmsu störf á vegum sveitarfélagsins en skortur er á leiguhúsnæði á almennum markaði á Vopnafirði.“
Vopnafirði 26. ágúst 2015, Ólafur Áki Ragnarsson.

Tillagan samhljóða samþykkt.

d. Fundargerð 13. fundar SSA

Lagt fram til kynningar.

e. Ályktanir fyrir aðalfund SSA 2.-3. október

Lagt fram til kynningar.

3. Bréf til sveitarstjórnar frá:

a. Else Möller

Samþykkt samhljóða að vísa erindi Else til menningarmálanefndar til umsagnar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða, fundi slitið kl. 17:10.